

Áritanir

Umhverfispættir


Ég hef endurskoðað útreikninga og yfirlýsingar sem fram koma í umhverfis- og loftslagsköflum ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og dótturfélaga fyrir árið 2018. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum samstæðunnar og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð mín felst í því mati sem ég læt í ljós á gögnum í ofangreindum köflum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin er í samræmi við kvaðir reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Hún felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna upplýsingar í umhverfisskýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærð og mikilvægi einstakra þátta sem upp eru taldir í skýrslunni.

Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til þess að byggja á álit mitt.

Það er álit mitt að umhverfis- og loftslagskaflar ársskýrslu OR 2018 gefi glöggva mynd af umhverfisáhrifum rekstrarinnar fyrir árið 2018, í samræmi við góðar og viðteknar venjur í atvinnugreininni.

Reykjavík, 21. febrúar 2019
VSÓ Ráðgjöf
Guðjón Jónsson
efnaverkfræðingur




Samfélag og stjórnhættir

Fyrirtækið Versa vottun ehf. var fengið af stjórnendum OR til að gera úttekt og samræmismat á sjálfbærniupplýsingum þessa uppgjors til að auka gagnsæi og skapa traust um upplýsingagjöfina. Við þá vinnu, fyrir starfsárið 2018, kom ekkert fram sem gaf til kynna annað en að uppgjörið innihaldi áreiðanlegar upplýsingar og taki á helstu þáttum í starfsemi fyrirtækisins hvað varðar samfélagsmál og stjórnhætti þess.

Versa vottun ehf. er vottunarstofa sem sérhæfir sig í úttekt og samræmismati á sjálfbærniuppgjörum. Slík aðstoð frá þriðja aðila tryggir bæði áreiðanleika og gæði skýrslunnar.

Reykjavík, 21. febrúar 2019
Versa vottun ehf.
Gná Guðjónsdóttir



Fjárhagur

Fjárhagslegir þættir skýrslunnar eru í samræmi við endurskoðaðan ársreikning samstæðu OR 2018.

Yfirlýsing stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur (OR) er ársskýrsla OR fyrir árið 2018 í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald, ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 um ófjárhagslega upplýsingagjöf og leiðbeiningar kauphalla á Norðurlöndum um samþættar ársskýrslur fyrirtækja. Í ársskýrslunni er fjallað um þá þætti í rekstri OR og dótturfélaga, sem hafa áhrif á umhverfi og samfélag og hvernig þeim málum er háttað í starfseminni.

Það er álit stjórnar að tölur og upplýsingar sem tilgreindar eru í ársskýrslu OR og dótturfélaga gefi góða mynd af þróun og árangri hvað varðar umhverfismál, stjórnhætti og samfélagsmál hjá samstæðunni.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur staðfestir hér með ársskýrslu fyrir árið 2018.

Reykjavík, 25. febrúar 2019

